



FRAMVEGIS 



NÁMSKRÁ SJÚKRALIÐA HAUST 2018

STARFSFÓLK

Helga Tryggvadóttir, náms- og starfsráðgjafi og verkefnastjóri
helga@framvegis.is

Ingibjörg Kristinsdóttir, náms- og starfsráðgjafi og verkefnastjóri
ingibjorg@framvegis.is

Líney Jóhannesdóttir, verkefnastjóri
liney@framvegis.is

Vigdís Þyri Ásmundsdóttir, framkvæmdastjóri
vigdis@framvegis.is

STJÓRN

Jóhanna Þórdórsdóttir, formaður

Birna Ólafsdóttir, meðstjórnandi

Brýndís Theodórsdóttir, meðstjórnandi

Guðrún Lárusdóttir, meðstjórnandi

Jakobína Þórðardóttir, meðstjórnandi

VARAMENN

Árni Stefán Jónsson, **Jóhanna Traustadóttir** og **Guðríður Sigurbjörnsdóttir**



FAGRÁÐ UM SÍMENNTUN HEILBRIGÐISSTÉTTA

Anna Björg Aradóttir, hjúkrunarfræðingur og fagstjóri hjá Embætti landlæknis

Birna Ólafsdóttir, skrifstofustjóri og formaður fræðslunefndar Sjúkraliðafélags Íslands

Guðrún Hildur Ragnarsdóttir, kennslustjóri sjúkraliðabrautar Fjölbrautaskólans við Ármúla

Svava Þorkelsdóttir, mannauðsstjóri hjá Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins

Salbjörg Bjarnadóttir, geðhjúkrunarfræðingur og verkefnastjóri hjá Embætti landlæknis

Þórleif Drífa Jónsdóttir, verkefnastjóri hjá mannauðsdeild Landspítala Háskólasjúkrahúss

Útgefandi: Framvegis - miðstöð símenntunar í Reykjavík • Skeifan 11b • 108 Rvk • 581 1900 • www.framvegis.is

Ábyrgðarmaður: Vigdís Ásmundsdóttir

Hönnun og umbrot: Prentun.is

Allar upplýsingar í bæklingnum eru birtar með fyrirvara um prentvillur

FRAMVEGIS - MIÐSTÖÐ SÍMENNTUNAR

Framvegis er framsækin símenntunarmiðstöð með það að markmiði að bjóða metnaðarfullt nám fyrir fullorðna og námskeið sem svara þörfum atvinnulífsins. Hjá Framvegis er námsmaðurinn í fyrirrúmi og lögð áhersla á að hann eigi jákvæða og lærdómsríka upplifun. Framvegis hefur hlotið gæðavottunina European Quality Mark (EQM) sem staðfestir að miðstöðin starfi samkvæmt evrópskum kröfum um gæði fræðsluaðila.



GÆÐAVOTTUN
FRÆÐSLUAÐILA

FJARKENND NÁMSKEIÐ

Öll námskeið eru kennd á staðnum en á sumum þeirra er boðið upp á fjarkennslu. Með fjarkennslu gefst sjúkraliðum um allt land kostur á að sækja námskeið í rauntíma óháð staðsetningu.

Til þess að geta tekið þátt í fjarkennslu hjá Framvegis þarf eftirfarandi búnað:

- Nýlega tölvu
- Góða nettengingu
- Vefmyndavél (ath. á aðeins við ef þú vilt vera sýnileg/ur í stofunni)

Ath! Ekki er hægt að tengjast fjarkennslunni með stýrikerfi eldra en 2007 (t.d. Windows XP, Windows Vista). Starfsfólk Framvegis er að sjálfsögðu reiðubúið að aðstoða eftir þörfum.



Námskeið sem í boði eru í fjarnámi eru merkt á eftirfarandi hátt.

SKRÁNING Á NÁMSKEIÐ

Skráning fer fram á vefsíðu Framvegis www.framvegis.is en einnig er hægt að hringja í síma 581-1900 og mun starfsfólk leggja sig fram um að aðstoða þig og svara þeim spurningum sem kunna að koma upp.

Af gefnu tilefni eru þátttakendur beðnir um að fylgjast með tölvupósti sínum eftir skráningu. Upplýsingaflæði fer fram í gegnum tölvupóst og er mikilvægt að netfang sé rétt skráð.

Framvegis áskilur sér í öllum tilfellum rétt til að innheimta kr. 5.000 í umsýslu-gjald vegna afboðana sem berast seinna en þremur virkum dögum áður er námskeið hefst.

ÁHRIF VAKTAVINNU Á ANDLEGA OG LÍKAMLEGA LÍÐAN SJÚKRALIÐA

Markmið: Að sjúkraliðinn fái innsýn í þá áhrifa-þætti vaktavinnu sem geta valdið þreytu og andlegum og líkamlegum veikindum.

Lýsing: Fjallað verður um hvaða þættir í vaktavinnu og vinnuumhverfi sjúkraliðans geta haft áhrif á líðan og heilsu hans. Eins verður fjallað um þreytu sem tengist vaktavinnu, svefnerfðileikum og áhrifum viðsnúnings vinnuvakta á svefn. Hvaða ráð getur sjúkraliðinn nýtt sér í að sofa betur og láta sér líða vel á milli vinnuvakta? Er rétt að taka inn svefnlyf eða önnur lyf til þess að bæta svefninn? Farið verður yfir áhættuþætti rökunnar líkamslukkunnar sem tilheyrir vaktavinnu á líkamlegt heilbrigði.

Námsmat: 100% mætingarskylda og virk þátttaka á námskeiðinu.

Leiðbeinandi: Ásta Kristín Gunnarsdóttir, hjúkrunarfræðingur, EMPH, MS.

Tími:	27. september
Klukkan:	17:00 – 22:00
Lengd:	6 punktar
Verð:	14.500 kr.

LÍF MEÐ TAUGASJÚKDÓM: ALGENG EINKENNI, LÍFSGÆÐI OG ÚRRÆÐI TIL ORKUSPARNAÐAR

Markmið: Að þátttakendur auki við þekkingu sína á einkennum og helstu meðferðarúrræðum einstaklinga með taugasjúkdóma.

Lýsing: Á þessu námskeiði verður lögð áhersla á að kenna grundvallaratriði í nálgun sjúklinga með hina ýmsu taugasjúkdóma. Farið verður yfir algeng einkenni sem hafa áhrif á lífsgæði þessa sjúklingahóps og úrræði við ýmsar áskoranir, s.s. hreyfitruflanir, skynskerðingu, málstol, gaumstol og kyngingarerfiðleika. Við munum fjalla um algenga taugasjúkdóma s.s. heilablóðfall, flogaveiki og MND. Endurhæfing og það að viðhalda færni hjá einstaklingum með taugasjúkdóma er mikilvægt. Í því samhengi skiptir rétt nálgun heilbrigðisstarfsfólks miklu máli. Farið verður yfir vinnutækni, algeng hjálpartæki og hugmyndafræði þjálfunar. Við notum raunveruleg dæmi og gagnvirkar vinnusmiðjur til þess að gera kennsluna meira lífandi og hjálpa þátttakendum við að öðlast betri innsýn í þarfir þessa sjúklingahóps.

Námsmat: 100% mætingarskylda og virk þátttaka á námskeiðinu.

Leiðbeinandi: Marianne Klinke hjúkrunarfræðingur RN, MSc, PhD og Guðbjörg Þóra Andrésdóttir sjúkráþjálfari PT, MS.

Tími:	1. og 3. október
Klukkan:	17:00 – 21:00
Lengd:	10 punktar
Verð:	24.000





NÝTT SÉRSTAKAR ÞARFIR ALDRAÐRA OG AÐSTANDENDA ÞEIRRA

Markmið: Að auka þekkingu og skilning þátttakenda á þörfum aldraðra og aðstandenda þeirra í mismunandi aðstæðum. Að efla færni þátttakenda við að annast aldraða og fjölskyldur þeirra.

Lýsing: Á námskeiðinu verður fjallað um þarfir aldraðra og aðstandenda þeirra er þau mæta nýjum áskorunum svo sem við flutning á hjúkrunarheimili, við útskriftir af sjúkrahúsi, við greiningu sjúkdóma og við líflok. Rætt verður um hvernig hægt er að hjálpa fólki á þessum tímamótum í lífi þess. Efni námskeiðs verður kynnt með fyrirlestrum, myndböndum og lesefni auk þess sem unnið verður með efnið í umræðum.

Námsmat: 100% mætingarskylda og virk þátttaka á námskeiðinu.

Leiðbeinandi: Elfa Þóll Grétarsdóttir sérfræðingur í hjúkrun aldraðra.

Tími: 2., 9. og 16. október
Klukkan: 17:00 – 21:00
Lengd: 15 punktar
Verð: 35.000 kr.

NÝTT GÓÐ NÆRING – BÆTT LÍFSGÆÐI

Markmið: Að auka þekkingu sjúkraliða á almennum ráðleggingum um næringu með áherslu á næringu krabbameinssjúklinga og hvernig góð næring getur bætt lífsgæðin.

Lýsing: Á námskeiðinu verður farið yfir almennar ráðleggingar um mataræði með áherslu á krabbameinssjúklinga og forvarnir með mataræði. Skoðað hvað felst í næringarmedferð, hvað getur haft áhrif á næringarástand og mat á næringarástandi. Farið yfir leiðir til að bregðast við næringarvanda og þannig minnka líkur á vannæringu.

Námsmat: 100% mætingarskylda og virk þátttaka á námskeiðinu.

Leiðbeinandi: Rannveig Björnsdóttir, næringarfræðingur á LSH, Ljósinu og í Heilsuborg.

Tími: 10. og 11. október
Klukkan: 17:00 – 21:00
Lengd: 10 punktar
Verð: 24.000



KVÍÐI OG KVÍÐAMEÐFERÐIR



Markmið: Að sjúkraliðar fái innsæi í mismunandi birtingamyndir kvíða og hvernig hann stjórnar líðan og hegðun einstaklinga. Einnig að kynnst aðferðum til að fyrirbyggja kvíða og leiðum til að takast á við hann.

Lýsing: Fjallað verður um tegundir kvíða og hvernig hann kemur fram í líkamlegum einkennum og hegðun. Áhersla er lögð á að skoða kvíða hjá skjólstæðingum sjúkraliða og kenndar leiðir til að hafa áhrif á líðan þeirra. Einnig verður fjallað um ýmis bjargráð sem fagaðilar nota til að vinna almennt með kvíða. Sérstök áhersla er á notkun hugrænnar atferlismeðferðar og núvítundar. Námskeiðið byggist á fyrirlestrum, umræðum, hóp- og einstaklingsverkefnum.

Námsmat: 100% mætingarskylda og virk þátttaka á námskeiðinu.

Leiðbeinandi: Magnea B. Jónsdóttir sálfræðingur á Landspítala.

Tími:	15. og 18. október
Klukkan:	17:00 – 21:00
Lengd:	10 punktar
Verð:	24.000 kr.

PARKINSONS SJÚKDÓMURINN



Markmið: Að þátttakendur fá góða yfirsýn yfir Parkinsons sjúkdóminn, einkenni hans og meðhöndlun.

Lýsing: Námskeiðið er ætlað þeim sem vilja auka skilning sinn á hreyfitrufluninni sem veldur Parkinsons og skyldum sjúkdómum og hvernig hægt sé að meðhöndla þennan sjúkdómahóp. Fyrri daginn verður farið yfir það hvernig tilraunir í dýrum og hreyfigreining í sjúklingum fyrir og eftir lyfjagjöf hjálpi okkur að skilja eðli og orsök hreyfitruflunarinnar. Seinni daginn verður áhersla lögð á klíníska mynd, greiningu og meðferð sjúkdómsins.

Námsmat: 100% mætingarskylda og virk þátttaka á námskeiðinu.

Leiðbeinandi: Páll Ingvarsson, taugalæknir.

Tími:	22. og 24. október
Klukkan:	17:00 – 21:00
Lengd:	10 punktar
Verð:	24.000 kr.

ÁLAG Í SAMSKIPTUM Í HEILBRIGÐISGEIRANUM



Markmið: Að auka skilning þátttakenda á því álagi sem starfsmenn búa við í samskiptum í störfum sínum við heilbrigðisþjónustu. Rannsóknir sýna að viðvarandi álag getur haft slæm áhrif á heilsu og leitt til ýmissa félagslegra, andlegra og líkamlegra einkenna.

Lýsing: Á námskeiðinu verður fjallað um algengar orsakir og helstu birtingamyndir álags. Hugað verður að samvinnu og samskiptum innan heilbrigðisþjónustu og samskiptum við notendur þjónustunnar. Farið verður í helstu áhættu- og álagshætti og þátttakendur fá þjálfun í að þekkja helstu álagssvalda og álagseinkenni. Þá verður fjallað um hvernig er best að undirbúa sig og takast á við álag í samskiptum og að byggja upp jákvæð og gefandi samskipti. Þátttakendur fá þjálfun í að finna lausnir á viðfangsefnum með það að markmiði að bæta líðan, styrkjast í starfi og auka lífsgæði.

Námsmat: 100% mætingarskylda og virk þátttaka á námskeiðinu.

Leiðbeinandi: Dr. Sveinbjörg Júlía Svavarsdóttir, sérfræðingur í félagsráðgjöf á heilbrigðissviði hjá meðferðar og fræðslusetri Forvarna og Streituskólans, www.stress.is.

Tími:	23., 25. og 30. október
Klukkan:	17:00 – 21:00
Lengd:	15 punktar
Verð:	35.000 kr.

ENGIN HEILSA ER ÁN GEÐHEILSU - MAT Á ÞUNGLYNDI OG SJÁLFSVÍGSHÆTTU



Markmið: Að sjúkraliðar finna að þeir geti nýtt menntun sína og reynslu á uppbyggilegan hátt til að sinna fólki með þunglyndi en þunglyndi er einnig fylgifyskur margra líkamlegra sjúkdóma og því vert að gefa gaum.


Lýsing: Á námskeiðinu verður fjallað um margbreytileika þunglyndis, helstu orsakir, einkenni, samskipti, lífsógnandi hugsanir/gjörðir og bataferli. Rætt verður um hvernig hægt er að nálgast einstaklinga á öllum aldri á batahvetjandi hátt með því að mæta einstaklingnum þar sem hann er staddur. Lagt verður upp með að að ræða um mikilvægi hlustunar, fræðslu, uppbyggilegan lífsstíl, tengslamyndun og sjálfstæði einstaklingsins í sínu nærsamfélagi.

Námsmat: 100% mætingarskylda og virk þátttaka á námskeiðinu.

Leiðbeinandi: Salbjörg Bjarnadóttir geðhjúkrunarfræðingur og verkefnastjóri hjá Embætti landlæknis.

Tími:	29. október, 1. og 5. nóvember
Klukkan:	17:00 – 21:00
Lengd:	15 punktar
Verð:	35.000 kr.





NÝTT SAMSKIPTAFÆRNI Í STARFI SJÚKRALIÐA

Markmið: Að þátttakendur öðlist þekkingu og þjálfun á þeim samskiptaleiðum sem auka samskiptafærni. Að þátttakendur geti nýtt sér samskiptafærni í erfiðum samskiptum.

Lýsing: Á námskeiðinu verður fjallað um aðferðir til áhrifaríkra samskipta. Farið verður yfir hin ýmsu samskiptaform með sérstakri áherslu á virka hlustun. Á námskeiðinu verður einnig fjallað um erfið samskipti og leiðir til takast á við þau. Rannsóknir sýna að góð samskipti á milli heilbrigðisstarfsfólks og skjólstæðinga eru einn mikilvægasti þátturinn í að veita heildræna hjúkrun. Góð samskipti eru grundvöllur þess að veita einstaklingsmiðaða þjónustu og auka ánægju og velliðan skjólstæðinga. Þá hefur einnig verið sýnt fram á að með góðum samskiptum séu meiri líkur á betri útkomu fyrir skjólstæðinginn, auk þess virðist starfsánægja aukast á meðal þeirra sem búa yfir góðri samskiptafærni.

Námsmat: 100% mætingarskylda og virk þátttaka á námskeiðinu.

Leiðbeinandi: María Jónsdóttir hjúkrunarfræðingur, MA náms- og starfsráðgjöf, diplóma í kennsluréttindum

Tími:	6. og 7. nóvember
Klukkan:	17:00 – 21:00
Lengd:	10 punktar
Verð:	24.000 kr.

NÝTT VERKIR OG VERKJAMEÐFERÐ

Markmið: Að auka þekkingu sjúkraliða á verkjum, áhrifum verkja á einstaklinginn og samfélagið og hvernig verkir eru metnir og meðhöndlaðir. Þátttakendur munu öðlast hæfni í að meta verki.

Lýsing: Fjallað verður um lífeðlisfræði verkja, orsakabætti, flokkun og áhrif verkja á einstaklinginn og umhverfi hans. Lögð verður áhersla á að fjalla um mat á verkjum og munu þátttakendur vinna verkefni þar að lútandi. Auk þess verður fjallað um meðferð verkja og aukaverkanir meðferðar. Lögð er áhersla á virka þátttöku nemenda í gegnum umræður, hópvinnu og með gagnvirkum spurningum þar sem m.a. er notast við snjallsíma (spjaldtölvu eða hefðbundna tölvu).

Námsmat: 100% mætingarskylda og virk þátttaka á námskeiðinu.

Leiðbeinandi: Dr. Sigríður Zoëga, sérfræðingur í hjúkrun sjúklunga með verki á Landspítala og dós-ent við Hjúkrunarfræðideild Háskóla Íslands.

Tími:	8. og 13. nóvember
Klukkan:	17:00 – 21:00
Lengd:	10 punktar
Verð:	24.000 kr.

HJÚKRUN EFTIR LIÐSKIPTAAÐGERÐ



NÝTT

MIKILVÆGI GÓÐRAR ANDLEGRAR HEILSU HJÁ ÖLDRUÐUM



Markmið: Að þátttakendur þekki helstu verk-ferla við hjúkrun einstaklinga sem hafa gengið í gegnum liðskiptaaðgerð. Að námskeiðinu loknu eiga þátttakendur að vera vel í stakk búnir til að veita liðskiptasjúklingum árangursríka hjúkrunar-meðferð.

Lýsing: Á námskeiðinu verður fjallað um hjúkrun einstaklinga fyrir og eftir liðskiptaaðgerð. Helstu áherslupættir snúa að nauðsynlegum undirbúningi sjúklings fyrir aðgerð og umönnun og eftirlit í kjölfar aðgerðar. Einnig verður fjallað um fylgikvilla og bráð vandamál sem komið geta upp í kjölfar aðgerðar, hreyfingu og sjúkrabjálfun.

Námsmat: 100% mætingarskylda og virk þátt-taka á námskeiðinu.

Leiðbeinandi: Kolbrún Kristiansen, hjúkrunar-fræðingur M.Sc. Bæklunarskurðeild LSH

Tími:	12. og 14. nóvember
Klukkan:	17:00 – 21:00
Lengd:	10 punktar
Verð:	24.000 kr.

Markmið: Að sjúkraliðar þekki helstu geðraskan-ir sem hrjá aldraða. Nemendur öðlist þekkingu á helstu meðferðarleiðum og hvað við sem bæði einstaklingar og fagfólk getum gert til að styðja veika aldraða. Eins verður farið yfir hvaða þættir styðja við farsæla öldrun og góða geðheilsu.

Lýsing: Á námskeiðinu verður fjallað um geð-heilsu aldraðra og öldrunarsálfræði. Farið verður yfir algengustu raskanir í þessum flokki og farið yfir það sem mest er krefjandi í umönnun full-orðinna. Farið verður yfir praktískar leiðbeiningar sem nýtast í starfi með andlega veikum öldruð-um og fjallað um það hvernig starfsfólk getur búið sig undir það álag sem fylgir starfinu.

Námsmat: 100% mætingarskylda og virk þátt-taka á námskeiðinu.

Leiðbeinandi: Líney Úlfarsdóttir, sálfræðingur hjá Þjónustumiðstöð Laugardals og Háaleitis og á Droplaugarstöðum.

Tími:	15. nóvember
Klukkan:	17:00 – 22:00
Lengd:	6 punktar
Verð:	14.500



NÝTT JAFNVÆGI Í DAGLEGU LÍFI HEILBRIGÐISSTARFSMANNA



Markmið: Aukinn skilningur þátttakenda á starfsbundnum venjum og hvaða áhrif þær hafa. Að átta sig á hvort og hvaða breytingar þarf mögulega að gera til þess að hafa betra jafnvægi í daglegu lífi og að draga þannig úr álagi og streitu. Einnig að skilgreina, skilja og efla hlutverk sitt sem heilbrigðisstarfsmaður og draga úr áhrifum hindrana.

Lýsing: Fræðslan fjallar um jákvæðar og neikvæðar hliðar þess að vera í viðjum vanans sem heilbrigðisstarfsmenn. Finna sameiginlega nýjar leiðir til að ná markmiðum okkar í starfi og að hafa tíma til þess sem mikilvægt er hverjum og einum. Hugtök verða skýrd og þátttakendur fá innsýn í hvernig þeir geta brugðist við, þróað og byggt upp aðferðir sem leitt geta til jákvæðra breytinga í leik og starfi. Þá fá þátttakendur þjálfun í að finna lausnir á viðfangsefnum með það að markmiði að bæta líðan, styrkjast í starfi og auka lífsgæði.

Námsmat: 100% mætingarskylda og virk þátttaka á námskeiðinu.

Leiðbeinandi: Dr. Sveinbjörg Júlía Svavarsdóttir, sérfræðingur í félagsráðgjöf á heilbrigðisviði hjá meðferðar og fræðslusetri Forvarna og Streitu-skólans, www.stress.is.

Tími:	20. og 22. nóvember
Klukkan:	17:00 – 21:00
Lengd:	10 punktar
Verð:	24.000 kr.

NÝTT TVÍGREINDUR VANDI / SKAÐAMINNKNUN



Markmið: Að auka þekkingu sjúkraliða á tvígreindum vanda þ.e. þegar einstaklingar eru bæði greindir með geðrofssjúkdóm og fíknivanda. Hver eru helstu einkenni þessara sjúkdóma og birtingarmynd þeirra.

Lýsing: Á námskeiðinu verður farið yfir hvaða sjúkdómar flokkast undir geðrofssjúkdóma, hvernig þeir eru greindir, birtingarmyndir geðrofs og meðferð þeirra. Skoðuð verður saga fíkniefna og fíkniefnanotkunar, hvaða lyf og efni eru helst misnotuð hér á landi og hvernig birtast áhrif þeirra á einstaklinga og fráhvörf. Einnig verður fjallað um hvaða meðferð og úrræði eru í boði fyrir einstaklinga með tvígreindan vanda. Rætt verður um skaðaminnkun, hvað það er, hvernig hún er notuð í heilbrigðiskerfinu og utan þess.

Námsmat: 100% mætingarskylda og virk þátttaka á námskeiðinu.

Leiðbeinandi: Snærún Ösp Guðmundsdóttir, hjúkrunarfræðingur á geðsviði Landspítalans.

Tími:	26. og 27. nóvember
Klukkan:	17:00 – 21:00
Lengd:	10 punktar
Verð:	24.000 kr.





Leiðbeinendanámskeið

Námskeið fyrir leiðbeinendur sjúkraliðanema verður haldið í nóvember hjá Framvegis.

Lögð verður áhersla á:

- Helstu hlutverk leiðbeinenda sjúkraliða
- Kennslufræði og fyrirkomulag verknáms sjúkraliða
- Að leiðbeinandi verði færari um að leiðbeina sjúkraliðanemum
- Að leiðbeinandi verði hæfari til að meta framfarir sjúkraliðanema í verknámi

Frekari upplýsingar og skráning: framvegis.is

Námskeiðið fer fram í húsnæði Framvegis, Skeifunni 11b, þriðju hæð.

FRAMVEGIS 
Miðstöð símenntunar

NÁMS- OG STARFSRÁÐGJÖF

Náms- og starfsráðgjafar hjá Framvegis eru til staðar fyrir þig ef þú ert eldri en 20 ára og hefur ekki útskrifast úr framhaldsskóla.

Við leggjum áherslu á að:

- finna leiðir til að efla og styrkja einstaklinga
- upplýsa um nám og störf
- veita ráðgjöf um raunfærnimat
- aðstoða við gerð ferilskrár og/eða færnimöppu
- takast á við hindranir í námi eða starfi
- finna hvar hæfileikum er best varið t.d. með áhugakönnun

RAUNFÆRNIMAT

Raunfærnimati er ætlað að meta þá færni og þekkingu sem þú hefur öðlast í starfi og frítíma. Gengið er út frá því að eðlilegt sé að meta færni sem til staðar er óháð því hvernig hennar hefur verið aflað. Mat á raunfærni byggir á þeirri hugmynd að allt nám sé verðmætt og að það sé skjalfest óháð því hvar þess hefur verið aflað, í skóla eða í starfi. Framvegis heldur utan um raunfærnimat gagnvart Tölvubraut Upplýsingatækniskólans.

MARKVISS OG KERFISBUNDIN STARFSMANNAÞRÓUN

Framvegis – miðstöð símenntunar býður fyrirtækjum og stofnunum þjónustu við að greina þarfir fyrir fræðslu, þjálfun og annað sem tengist uppbyggingu starfsmanna og notar til þess faglega greiningaraðferð sem ber heitið Markviss.



Nánari upplýsingar veitir starfsfólk Framvegis í síma 581 1900
eða í gegnum netfangið framvegis@framvegis.is